

Ö-saga

Á Sprengidaginn þegar mamma hans _____ kom til að sækja hann í leikskólann, lagði hún til að þau færu niður að tjörn til að gefa öndunum brauð á leiðinni heim. Það var rosa gaman og mikið af svöngum öndum sem vildu fá bita. En rétt þegar hann var búinn að flegja síðasta brauðbitanum í vatnið, flögraði ein öndin upp úr vatninu og kom til hans. Hún virtist vera í miklu uppnámi, og _____ varð mjög hissa þegar hún byrjaði allt í einu að tala við hann.

“Þú lítur út fyrir að vera hugrakkur strákur,” sagði hún við _____.
 “Myndirðu þora að fara með mér til vonda galdrakarlsins? Hann hefur nefnilega gert svolítið hræðilegt!”

“Nú, hvað gerði hann?” spurði _____.

“Ég sá hann rétt áðan þar sem hann flaug yfir,” sagði öndin. “Hann er búinn að stela öllum öskudagsbúningunum, svo að nú geta engin börn haldið upp á öskudaginn á morgun!”

“En hræðilegt!” sagði _____.
 “Við verðum strax að fara af stað til að fá búningana til baka.”

Svo kvöddu þeir mömmu _____ og flýttu sér af stað.

Þeir gengu lengi, lengi – eða réttara sagt, _____ gekk og öndin flaug. Á meðan töluðust þau við og urðu hinir bestu vinir.

“Ég ætla að vera í Andrésar Andar búningi á morgun. Hvaða búningi ætlar þú að vera í?” spurði öndin.

“Ja, ég ætlaði að vera _____,” sagði _____.

Þau voru nú farnir að nálgast kastala galdrakarlsins og fóru eftir holóttum malarvegi sem lá meðfram hárrí fjallshlíð. Allt í einu sá _____ glitra á eitthvað við vegarkantinn. “Nei, sko!” sagði hann. “Hvað getur þetta verið?” Hann gekk nær og tók það upp. Þetta var glerskór.

“En gaman!” sagði hann. “Það er nú ekki á hverjum degi sem maður finnur glerskó. Þetta er eiginlega fjársjóður. Hann get ég tekið með í leikskólann á morgun og sýnt hinum krökkunum! Við hljótum að geta leikið okkur eitthvað með hann eða endurnýtt hann í eitthvað skemmtilegt!”

Svo héldu þeir áfram. Skömmu síðar rákust þeir á stóran og fallegan hestvagn sem hafði numið staðar á miðjum veginum. Ung kona í ákaflega skrautlegum kjól hoppaði um á öðrum fæti við hliðina á vagninum og rýndi niður í jörðina. “Æ, en það vesen,” muldraði hún við sjálfa sig. “Hann hlýtur að vera herna einhvers staðar! Ég verð að finna hann bráðum svo ég verði ekki of sein á dansleikinn!”

“Halló,” sagði _____ við hana.

“Halló,” sagði hún. “Fyrirgefðu, ég sá þig ekki. Ég heiti Öskubuska og ég er búin að missa annan skóinn minn. Ekki vænti ég þú getir hjálpað mér að finna hann?”

“Jú, er það kannski glerskór?” spurði _____.

“Já, einmitt, hvernig vissirðu það?” spurði Öskubuska forviða.

“Ég var einmitt að finna svoleiðis skó rétt áðan,” sagði _____ og rétti henni skóinn.

“Frábært!” sagði Öskubuska yfir sig hrifin. “Þú ert hetjan mín! Þá kemst ég á ballið í tæka tíð og næ að dansa við prinsinn! Af því að þú hjálpaðir mér svona mikið vil ég gefa þér þennan töfrapoka. Hann er þeirrar náttúru að það má taka upp úr honum hvað sem maður þarf mest á að halda. En hann virkar bara fram að miðnætti!”

Hún rétti _____ fallegan flauelspoka og hann rétt náði að þakka fyrir sig og kveðja áður en hún var þotin af stað í hestvagninum sínum.

Skömmu síðar komu _____ og öndin svo loksins að kastala galdrakarlsins og börðu að dyrum.

Galdrakarlinn kom til dyra. Hann var í galdrakarlsbúningi.

“Hvað viljið þið?” spurði hann öfluglega. “Ég er í vondu skapi vegna þess að ég er búinn að eyða öllum deginum í að prófa mismunandi öskudagsbúninga, og mér finnast þeir allir ljótir nema galdrakarlsbúningurinn minn!”

“Ég heiti _____, og ég kom einmitt til að fá þig til að skila öllum búningunum svo að við gætum haldið öskudagsball á morgun.”

“Allt í lagi,” sagði galdrakarlinn, “en þá verðurðu líka að leysa fyrir mig þraut.”

“Hvernig þraut er það?” spurði _____.

“Sérðu búningana þarna? Þú mátt fá þá ef þú gefur mér eitthvað í staðinn fyrir hvern búning – eitthvað sem passar við hann eða minnir á hann.”

“Hvað meinarðu?” spurði _____.

“Eins og til dæmis ef það er galdrakarlsbúningur, þá getur þú látið mig fá galdrasprota eða galdrahatt eða eitthvað annað sem passar við,” svaraði galdrakarlinn. “En reyndar er galdrakarlsbúningurinn sá eini sem ég ætla alls ekki að láta þig hafa!”

_____ hugsaði sig um. Þetta var svolítið erfið þraut, fannst honum. En svo mundi hann eftir töfrapokanum og herti upp hugann. Hann brosti og rétti hendina niður í pokann...

...

“Fínt, þá er ég kominn með alla búningana,” sagði _____. “Þetta var bara nokkuð skemmtilegt! Þú ert kannski ekki eins slæmur og ég hélt,” sagði hann við galdrakarlinn. “Viltu kannski koma á öskudagsballið á morgun? Það verður örugglega gaman, og þú ert í finum búningi.”

“Hvað segirðu? Meinarðu það?” spurði galdrakarlinn forviða. “Má ég mæta á ballið? Jippi! Takk, takk! Mér hefur aldrei áður verið boðið á öskudagsball. Ég mæti! Sjáumst á morgun!”

Svo fór galdrakarlinn skælbrosandi inn í bæði til morgundagsins!
kastalann sinn, og _____
og öndin fóru aftur heim á leið. Þau hlökkuðu

